

**Nd.**

**410. Frumvarp til laga**

**[166. mál]**

um vinnumiðlun.

(Lagt fyrir Alþingi á 75. löggjafarþingi, 1956.)

**1. gr.**

Í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa skal starfrækt vinnumiðlun.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að vinnumiðlun skuli starfrækt annars staðar í landinu, ef ástæða þykir til.

**2. gr.**

Sveitarstjórn annast vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, undir yfirumsjón félagsmálaráðuneytisins. Hún getur falið oddvita sínum, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða öðrum manni framkvæmd hennar. Til þess að vera sveitarstjórn — eða þeim, er hún hefur falið vinnumiðlun fyrir sína hönd — til ráðuneytis um allt það, sem vinnumiðlun varðar, skulu tilnefndir af aðilum á staðnum fjórir menn: Tveir af verkalyðsfélögum eða fulltrúaráði þeirra, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands eða af deild þess eða meðlim og einn af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eða af deild þess eða meðlim. Sé trúnaðarmaður ekki tilnefndur samkvæmt framan-sögðu, skal hann kosinn af sveitarstjórn úr hópi verkamanna og atvinnurekenda, eftir því sem við á.

Bæjarstjórn er heimilt að reka sérstaka skrifstofu, er annast vinnumiðlun. Trúnaðarmenn þeir, er um getur í 1. mgr., skulu vera forstöðumanni skrifstofunnar til aðstoðar og ráðuneytis. Nánar skal kveðið á um rekstur og starfssvið skrifstofunnar í samþykkt, er bæjarstjórn semur, en ráðherra staðfestir.

**3. gr.**

Hlutverk vinnumiðlunar er:

- a. að veita verkamönnum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi og atvinnurekendum við að fá hæfa verkamenn, hvorutveggja án endurgjalds;
- b. að miðla vinnu milli verkamanna um land allt, eftir því sem unnt er;
- c. að veita öryrkjum og unglingum aðstoð við að finna vinnu við þeirra hæfi;

- d. að úthluta atvinnubótavinnu, svo og annarri vinnu, sem ríki, sveitarstjórn eða opinberar stofnanir óska, að úthlutað sé;
- e. að fylgjast með atvinnuháttum, eftir því sem auðið er, og safna skýrslum og gögnum í því augnamiði;
- f. að annast atvinnuleysisskráningar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert og láta auk þess fram fara atvinnuleysisskráningar eftir fyrirmælum sveitarstjórnar eða félagsmálaráðherra;
- g. að veita opinberum stofnunum svo og verkalyðsfélögum og félögum atvinnurekenda upplýsingar um ástandið á vinnumarkaðnum, eftir því sem unnt er;
- h. að láta launþegum, sem óskað hafa aðstoðar við vinnuráðningar, í té vottorð um atvinnu þeirra eða atvinnuleysi það tímabil, sem þeir hafa verið skráðir sem umsækjendur um atvinnu;
- i. að inna af höndum önnur þau störf, sem lög og reglugerðir kunna að ákveða.

#### 4. gr.

Rétt er þeim, sem annast vinnumiðlun, sbr. 2. gr., að krefjast þess, að þeir, sem óskað hafa vottorðs samkvæmt 3. gr. h., hafi samband við þá eins oft og þurfa þykir og geri grein fyrir atvinnu sinni.

#### 5. gr.

Allir þeir, er hafa með höndum fastan atvinnurekstur með aðkeyptu vinnuafli verkamanna í kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri, skulu eigi sjaldnar en mánaðarlega senda þeim, er vinnumiðlun annast á staðnum, afrit af kaupgjaldsskrám sínum, enda séu þær þannig úr garði gerðar, að auðvelt sé að sjá af þeim, hve mikil upphæð hefur verið greidd í vinnulaun hverjum einstökum manni á þeim tíma, er skráin nær yfir.

Þeir, sem vinnumiðlun annast, skulu, að fengnum tillögum frá Vinnuveitendasambandi Íslands, láta útbúa eyðublöð fyrir þessar kaupgjaldsskrár og skulu þau afhent atvinnurekendum ókeypis.

#### 6. gr.

Þeir, sem annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum, skulu hafa sín á milli sem nánast samband og samstarf, en félagsmálaráðuneytið samræmir starfsemi þeirra og setur nánari ákvæði um vinnumiðlunina með reglugerð.

Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands tilnefna sinn trúnaðarmanninn hvort, er vera skal félagsmálaráðuneytinu til aðstoðar við allt það, er varðar vinnumiðlunina í landinu.

#### 7. gr.

Almenn vinnumiðlun, rekin í ágóðaskyni, er óheimil.

#### 8. gr.

Kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 6. gr., greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti greiðist kostnaður vegna vinnumiðlunar samkvæmt lögum þessum að  $\frac{2}{3}$  hlutum úr hlutaðeigandi sveitarsjóði og að  $\frac{1}{3}$  hluta úr ríkissjóði.

#### 9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 10000.00 til ríkissjóðs, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

#### 10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1951, um vinnumiðlun, og lög nr. 57/1928, um atvinnuleysisskýrslur.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er samið hefur frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar, hefur einnig gert frumvarp þetta. Í frumvarpinu til laga um atvinnuleysistryggingar, 15. gr. c., sbr. einnig 5. atriði samkomulagsins um lausn vinnudeilunnar vorið 1955, er gert ráð fyrir vottorði vinnumiðlunar til þess að sanna rétt umsækjanda til atvinnuleysisbóta. Lög þau um vinnumiðlun, nr. 41/1951, sem nú eru í gildi, eru aðeins heimildarlög. Þau lög tryggja því ekki, að til sé vinnumiðlun á öllum þeim stöðum, sem löggin um atvinnuleysistryggingar taka til. Til þess að síðarnefndu löggin verði framkvæmanleg, þarf að lögbjóða vinnumiðlun a. m. k. á öllum þeim stöðum í landinu, þar sem atvinnuleysistryggingar eru, en það er í öllum kaupstöðum og kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er samið til þess að bæta úr þessu.

Við samningu frumvarps þessa hefur verið höfð hliðsjón af þrem samþykktum þings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um vinnumiðlun. Allar þessar samþykktir hafa þegar verið fullgiltar af flestum Norðurlandanna, en skilyrði hafa ekki verið fyrir hendi til fullgildingar þeirra af Íslands hálfu að óbreyttum lögum. Tvær þessara samþykktu kveða á um almenna vinnumiðlun, en ein fjallar um útrýmingu eða eftirlit með vinnumiðlunarskrifstofum, sem taka gjald fyrir störf sín. Ef frumvarp það, sem hér liggur fyrir, verður að lögum, mun Ísland geta fullgilt allar þessar samþykktir.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Í 1. mgr. er lögboðin vinnumiðlun í hverjum kaupstað og kauptúni með 300 íbúa eða fleiri. Eins og fyrr segir er ákvæði þetta nauðsynlegt til þess, að hér verði starfræktar atvinnuleysistryggingar í því formi, sem um var samið í sambandi við lausn verkfallsins í síðastliðnum aprilmánuði.

Síðari málsgreinin veitir ráðherra heimild til þess að ákveða vinnumiðlun annars staðar í landinu með reglugerð. Þetta ákvæði er sett til samræmis við kröfur, sem gerðar eru í samþykkt þings Alþjóðavinnuálastofnunarinnar nr. 88 frá 1948.

#### Um 2. gr.

Hér segir um það, hvert skipulag skuli á haft um framkvæmd vinnumiðlunar. Það þykir of viðamikilið og kostnaðarsamt að lögbjóða sérstakar vinnumiðlunarskrifstofur alls staðar þar, sem vinnumiðlun skal starfrækt, samkv. 1. gr. 1. mgr. Er því lagt til, að sveitarstjórnir annist vinnumiðlun, hver í sínu sveitarfélagi, og hafi heimild til, ef hentara þætti, að fela oddvita, sveitarstjóra, bæjarstjóra eða sérstökum manni framkvæmd hennar. Til samræmis við kröfur þær, sem gerðar eru í áður nefndum samþykktum Alþjóðavinnuálastofnunarinnar, er svo fyrir mælt, að sérstakir trúnaðarmenn verkamanna og atvinnurekenda séu til aðstoðar og ráðuneytis um allt það, er varðar vinnumiðlun.

Ákvæði 2. mgr., um heimild fyrir bæjarstjórn til þess að reka sérstaka vinnumiðlunarskrifstofu, er í samræmi við þau lög, er nú gilda. Í stað fimm manna nefndar, sem annast skal skrifstofuhaldið, samkvæmt núgildandi lögum, er hér lagt til, að sveitarstjórn feli sérstökum manni forstöðu skrifstofunnar, er njóta skal aðstoðar og ráðuneytis trúnaðarmanna þeirra, sem um getur í 1. mgr.

#### Um 3. gr.

Samkvæmt grein þessari skal hlutverk vinnumiðlunar vera í höfuðatriðum hið sama og fyrir er mælt í 4. gr. laga nr. 41/1951. Frumvarpsgreinin er þó frábrugðin í nokkrum atriðum og nokkru viðtækari en ákvæði gildandi laga. Skal það nú stuttlega rakið.

a-liður er efnislega samhljóða 1. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

b-liður er sömuleiðis samsvarandi 2. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951, en víðtækari að því leyti, að vinnumiðlunin skal taka til verkamanna um land allt eftir því, sem unnt er. Þessu er breytt til samræmis við áður nefndar samþykktir I. L. O.

c-liður er nýmæli, sem lagt er til að tekið verði í lög og varðar unglunga og öryrkja. Ákvæðið virðist sjálfsagt, en er nauðsynlegt, svo að skilyrði til fullgildingar á samþykkt I. L. O. nr. 88 frá 1948 séu til staðar.

d-liður svarar til 3. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

e-liður er samhljóða 4. tl. sömu lagagreinar.

f-liður er nýmæli. Hér er lagt til að vinnumiðlunin annist atvinnuleysissskráningar þær, sem lögboðnar eru með lögum nr. 57/1928. Lög þessi hafa víðast ekki verið framkvæmd nú um mörg ár. Þegar vinnumiðlun er lögboðin, virðist eðlilegt að skráning atvinnulausra sé á vegum vinnumiðlunarinnar, enda einn liður í því starfi, sem fylgir vinnumiðluninni.

g-liður svarar til 6. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

h-liður er nýmæli. Frumvarpið til laga um atvinnuleysisstryggingar, 15. gr. c., áskilur vottorð frá vinnumiðlun varðandi atvinnuleysi þess, sem sækja vill um atvinnuleysisbætur. Ákvæði þetta er hér upp tekið til samræmis við nefnt ákvæði í frumvarpinu um atvinnuleysisstryggingar.

i-liður svarar til 8. tl. 4. gr. laga nr. 41/1951.

#### Um 4. gr.

Hér er um að ræða nýmæli, sem nauðsynlegt virðist vera, að lögfest sé í sambandi við skyldu þá, sem lögð er á vinnumiðlunina um að gefa hverjum, sem er, vottorð um atvinnu hans eða atvinnuleysi. Ákvæði þetta mun óþarft að því er varðar minni kaupstaði og kauptúnin, en virðist hins vegar óhjákvæmilegt í hinum fjölmennari kaupstöðum. Hér er aðeins um heimildarákvæði að ræða, sem leggja verður á vald þeirra, sem vinnumiðlun annast, að ákveða um hversu með verði farið.

#### Um 5. gr.

Svarar til 5. gr. laga nr. 41/1951. Þarfnast ekki skýringa.

#### Um 6. gr.

Ákvæði 1. mgr. svarar til ákvæðis í 4. gr. 7. tl. laga nr. 41/1951 og 8. gr. sömu laga. Gert er ráð fyrir almennri reglugerð, sem ráðherra setur um vinnumiðlun. Við samningu þeirrar reglugerðar verður að hafa hliðsjón af samþykktum I. L. O., sem hafa að geyma ýmis nánari fyrirmæli, sem í eðli sínu eru reglugerðarákvæði.

Í 2. mgr. er ákveðið að trúnaðarmenn frá A. S. Í. og V. S. Í. verði ráðuneytinu til aðstoðar um allt það, er varðar vinnumiðlun í landinu. Ákvæðið er hliðstætt ákvæðinu um trúnaðarmenn í hverjum kaupstað og kauptúni.

#### Um 7. gr.

Slík almenn vinnumiðlun, sem hér um ræðir, er ekki starfrækt hér á landi. Í ýmsum öðrum löndum tíðkast vinnumiðlunarskrifstofur, sem einstaklingar reka í gróðaskyni. Alþjóðavinnuálastofnunin hefur sett samþykkt, sem stefnir að því að útrýma slíkum vinnumiðlunarskrifstofum. Ákvæði greinarinnar er hér upp tekið, svo að fullgilda megi umrædda samþykkt af Íslands hálfu.

#### Um 8. gr.

Jafnframt því, að lögð er skylda á sveitarstjórnir um að halda uppi vinnumiðlun, virðist sanngjarnt að ríkissjóður taki nokkurn þátt í þeim kostnaði, sem leiðir af því. Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði vegna vinnumiðlunar samkvæmt eldri lögum (lög nr. 4/1935) var hin sama og hér er lagt til.

#### Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.